

Einsetumannssöngvar eru við írsk kvæði eftir óþekkta höfunda frá áttundu fram á þrettándu öld. Reynir Axelsson hefur þýtt þau á íslensku. Á undan Einsetumannssöngvum sínum lætur Samuel Barber standa þessa sögu:

Motsúa og Kólumkilli voru uppi á sama tíma, og Motsúa, sem var einsetumaður í eyðimörkinni, átti engin veraldleg gæði utan einn hana, mús og flugu. Haninn hafði þann starfa að vekja hann til óttusöngs. Músin leyfði honum aldrei að sofa nema fimm stundir, og ef hann vildi sofa lengur af því að hann var orðinn þreyttur á vökkum og bænahaldi, þá fór músin að sleikja eyra hans þangað til hann vaknaði. Og flugan hafði þann starfa að ganga meðfram hverri línu í saltaranum um leið og hann las hana, og þegar hann þreyttist á að syngja sálma, þá beið flugan við línuna þar sem hann hætti þangað til hann kom aftur til að mæla fram sálmana. Nú kom að því að þessir þrír kostagripir dóu skjótt. Og af því tilefni skrifði Motsúa bréf til Kólumkilla í Alba og syrgði dauða hjarðar sinnar. Kólumkilli svaraði honum og sagði: „Bróðir minn,“ sagði hann, „undrastu ekki að hjörðin þín skyldi deyja, því að ólánið eltir alltaf þá sem ríkir eru.“

Suleika I og II eru ástarljóð Marianne von Willemer til Goethe og voru prentuð með kvaðum hans og því talin eftir hann í um 30 ár. Þau voru tekin sem dæmi um snilld skáldsins að geta ort í orðastað ásfanginnar konu. Talið er að Marianne hafi samið *Til austanvindsins* á leið til fundar við Goethe í Heidelberg árið 1815, en *Til vestanvindsins*, á leið þaðan, tveimur dögum síðar.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hólmfríður Benediktsdóttir
sópran
og
Helga Bryndís Magnúsdóttir
píanó

Efnisskrá

Hólmfríður Benediktsdóttir sópransöngkona hefur tekið þátt í tónleika-haldi hér á Íslandi frá árinu 1980, en þá lauk hún burtfararprófi í einsöng frá Tónlistarskóla Kópavogs. Kennarar hennar voru Elísabet Erlingsdóttir og Guðrún A. Kristinsdóttir. Framhaldsmenntun sötti Hólmfríður til Bloomington í Indiana og lauk þaðan M.M. prófi sumarið 1990. Söngkennarar hennar þar voru Roy Samuelsen og Klara Barlow. Hólmfríður er einnig menntaður tónmenntakennari. Nú starfar hún við söngdeild Tónlistarskólans á Akureyri, kennir við Borgarhólsskóla á Húsavík og stjórnar Barnakór Akureyrarkirkju.

Helga Bryndís Magnúsdóttir lauk píanókennara- og einleikaraprófi árið 1987 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem kennari hennar var Jónas Ingimundarson. Framhaldsnám stundaði hún við Konservatoríð í Vín og Sibeliusarakademíð í Helsinki. Hún hefur haldið fjölda tónleika ein og með öðrum og er félagi í Caput hópnum. Hún starfar nú sem kennari og píanóleikari við Tónlistarskólann á Akureyri.

Samstarf Hólmfríðar og Helgu Bryndísar hófst sumarið 1992 er Helga Bryndís fluttist til Akureyrar. Þær hafa komið fram á ýmsum skemmtunum og haldið tónleika á vegum Tónlistarfélags Akureyrar.

Íslensk sönglög við ljóð eftir Stein Steinarr

Guðrún J. Þorsteinsdóttir
(f. 1922) Pað vex eitt blóm fyrir vestan
Barn
frumflutningur

Jórunn Viðar
(f. 1918) Hvítur hestur í tunglskini
Vort líf, vort líf.....

Samuel Barber
(1910-1981) Hermit Songs (1953) Einsetumannssöngvar
At Saint Patrick's Purgatory
Church Bell at Night
St. Ita's Vision
The Heavenly Banquet
The Crucifixion
Sea-Snatch
Promiscuity
The Monk and his Cat
The Praises of God
The Desire for Hermitage

Franz Schubert
(1797 - 1828) Suleika I Til austanvindsins
Suleika II Til vestanvindsins

Jean Sibelius
(1865-1957) Var det en dröm?
Svarta rosor
Säf, säf, susa
Flickan kom ifrån sin älsklings möte

Einsetumannssöngvar

Hermit Songs

1. Við píslarstað heilags Patreks

At Saint Patrick's Purgatory

Aumka mig á pílagrímsferð minni til Rauðavatns!
 Ó lofðungur yfir kirkjum og klukkum,
 þótt ég tregi sár þín og undir get ég ekki
 kreist eitt einasta tár úr augum mér!
 Ekki vætt auga eftir allar þessar syndir !
 Aumka mig, ó konungur!

Hvað á ég að gera við hjarta sem sækist aðeins
 eftir eigin velyst?

Ó eingetni sonur, sem allir menn voru skaptir fyrir,
 sem sneiddir ekki hjá dauða af þremur sárum,
 aumka mig á pílagrímsferð minni til Rauðavatns
 þótt hjarta mitt sé ekki mýkra en steinn!

2. Kirkjuklukka um nótt

Church Bell at Night

Ljúfa litla klukka, slegin um stormsama nótt,
 fúsari er ég að eiga stefnumót við þig
 en vera með lauslátri og fávísri konu.

3. Vitrún heilagrar Ítu

St. Ita's Vision

„Ekkert mun ég þiggja frá Drottni, “ sagði hún,
 „nema hann gefi mér son sinn af himnum
 sem ungar barn, svo að ég geti haft hann á brjósti.“
 Svo að Kristur steig niður til hennar
 sem ungar barn, og þá sagði hún:
 „Jesúbarn á brjósti mér,
 enginn er sannleikur í heimi hér,
 ó brjóstmykingur smái, nema þú.
 Jesúbarn á brjósti mér,
 við hjarta mér á hverri nóttu,

þú sem ég næri ert enginn
 smælingi heldur getinn
 við gyðingakonunni Maríu af himnesku ljósi.
 Jesúbarn á brjósti mér,
 hver er sá kóngur annar en þú sem gæti
 gefið eilift hnoss?
 Og því gef ég mat minn.
 Syngið honum, meyjar, yðar bezta söng!
 Enginn er sá sem á slíkt tilkall
 til söngva yðar sem konungur himna,
 sem er á hverri nóttu
 Jesúbarn á brjósti mér“

4. Himnesk veizla

The Heavenly Banquet

Ég vildi hafa alla himnabúa í húsi mínu;
 og láta bera fyrir þá trog með bestu vistum.
 Ég vildi hafa Marfurnar þrjár,
 orðstír þeirra er svo mikill.
 Ég vildi hafa fólk frá öllum himinsins hornum.
 Ég vildi að það yrði glaðvært við drykkju sína.
 Ég vildi hafa Jesúm sitjandi þar á meðal þeirra.
 Ég vildi eiga stórt stöðuvatn af bjór
 fyrir konung konunganna.
 Ég vildi mega horfa á fjölskyldu himnanna
 drekka af því um alla eilífð.

5. Krossfestningin

The Crucifixion

Þegar fyrsti fuglinn góð
 tóku þeir að krossfesta þig, ó svanur!
 Harmakveinum vegna þess skal alreið linna.
 Það var eins og aðskilnaður dags frá nóttu.
 Æ, sárar voru píslirnar sem líkami
 Marfusonar mátti þola,
 en ennþá sárari fyrir hann var sorgin
 sem sakir hans lagðist á móður hans.

6. Sjávarháski

Sea-Snatch

Það hefur brotið okkur, það hefur kramið okkur
 það hefur drekkt okkur,
 ó konungur hins stjörnubjarta himnaríkis;
 stormurinn hefur tortímt okkur, sveigt okkur,
 eins og timbur er etið af fagurrauðum eldi frá himni.
 Það hefur brotið okkur, það hefur kramið okkur,
 það hefur drekkt okkur,
 ó konungur hins stjörnubjarta himnaríkis!

7. Fjölllyndi

Promiscuity

Ég veit ekki hver það verður sem Edan sefur hjá,
 en ég veit að Edan fagri mun ekki sofa einn.

8. Munkurinn og kötturinn hans

The Monk and his Cat

Pangúr, hvíti Pangúr,
 hve lánsamir erum við
 einir saman,
 fræðaþulur og köttur.
 Hvor okkar rækir sitt daglega starf;
 þitt er að veiða, mitt að grúska.
 Augað þitt hvassa hvarflar með vegg;
 mitt sljóa auga mænir á bók.
 Þú fagnar þegar klær þínar
 læsast í mús;
 ég fagna þegar hugur minn
 kemst til botns í ráðgátu.
 Hvor okkar er ánægður með íþrótt sína;
 hvorugur leggur stein í götu hins;
 þannig lifum við ávallt
 lausir við leiða og öfund.
 Pangúr hvíti Pangúr,
 hve lánsamir erum við
 einir saman,
 fræðaþulur og köttur.

9. Lof drottins

The Praises of God

Hve heimskur er sá maður

sem hefur ekki upp raust sína og lofar

fagnaðarríkum orðum

sem eru honum einum lagin

hæstan himnadrottin,

sem flugléttrir fuglarnir

með enga sál nema loftið

allan daginn og allsstaðar

syngja lof og dýrð.

10. Löngun eftir einsetukofa

The Desire for Hermitage

Ó! Að vera aleinn í litlum klefa með engan
nálægt mér;

hjartfólgin er pílagrímsferðin á undan síðustu
pílagrímsferðinni til dauðans.

Að syngja um líðandi stundir til alskýja himins;
að matast á þurru brauði og vatni úr kaldri lind.
Þá skal öllu böli lokið þegar ég er einn
í indælu litlu skoti meðal grafreita

langt frá húsum hinna voldugu.

Ó, að vera aleinn í litlum klefa,
að vera einn, aleinn:

Einn kom ég í þennan heim,
einn mun ég halda þaðan aftur.

Reynir Axelsson þýddi

Suleika I

Austanvindur anda hrærir,

af hans þyt ég fréttu leita,

hjarta því sem hugraun særir

hann mun ferskur líknir veita.

Dátt hann rekur dustið undan,

dreifir hnyklum þess af gáska,

flugna mor með fima skundan

flýr í laufguð skjól úr háská.

Sjálfan loga sólar deyfir,

svalar mínum heitu vöngum,

lætur meðan vængjum veifir

vínber kysst í brekkum löngum.

Hann um vin minn hljótt mér skrafar,

hvað ég eigi gott í vonum:

fyrr en sól í sorta kafar

sit ég vær að fótum honum.

Heilsa glöðum, hryggum fróa,

hvar sem fram þú svifa náir,

þar sem háar hallir glóa

hann ég finn sem líf mitt þráir.

Aftur lífgast æskumáttur,

ástarglæðing snytrir sefa,

allt það megnar andardráttur,

orð og nánd hans mér að gefa.

Jón Helgason þýddi

Suleika II

Til vestanvindsins

Vegna rakra vængja þinna,

vestanblær, þig sælan tel ég,

honum skal þér unnt að inna

angur mitt, er fjarri dvel ég.

Meðan fleygur fram þú rásar

fyllist brjóstið trega sárum,

blómstur, skógar, augu, ásar

eftir stendur vott af tárum.

Pó fær svalað sollnum hvarmi

svif þitt mjúkt í haustsins lundi,

bugast hlýt ég brátt af harmi

bregðist von um nýja fundi.

Fljúg þú hratt um víða vegi,

vini mínum boðskap greindu,

haf þess gát að hryggja' hann eigi,

haltu mínu stríði leyndu!

Lát þó sagt með lágu hvíslí:

líf mitt sé að hann mér unni,

endursýn hans ein mér sýsli

yndisbót í hjartagrunni.

Jón Helgason þýddi